



Fagfé nautgriparæktar
Verkefnisstjóri: Ditte Clausen

16.3.2021
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

ditte@rml.is

1. Um verkefnið

Verkefnið hófst í mars 2020 með undirbúningi fyrir samstillingu í Hofstaðarseli og Árbót.

Verkefnisstjóri var Ditte Clausen.

Verkefnateymi samanstóð af Ditte Clausen, Lindu Margréti Gunnarsdóttur, Eiríki Loftssyni og Sigtryggi Veigari Herbertssyni.

Þorsteinn Ólafsson gaf góð ráð og aðstoðaði við uppsetningu á verkefninu. Dýralæknþjónustan Varmahlíð sá um dýralæknþjónustu í Hofstaðarseli og Dýralæknþjónustan Dýrey sá um dýralæknþjónustu í Árbót. Atli Már Traustason, frjótækni sæddi kvígurnar í Hofstaðarseli og frjótækni Andri Már Sigurðsson og Valþór Freyr Þráinsson sæddi kýrnar í Árbót.

2. Framgangur verkefnisins

Upphaflega stóð til að samstillast og sæða 20 kýr í Árbót en þar sem ekki fékkst fullur styrkur til verkefnisins, var ákveðið að fækka gripum þar í 15. Einnig voru gerðar breytingar á áætlun varðandi hópinn í Hofstaðarseli. Kvígufjöldinn var áfram 50 gripir en verkefnið greiddi aðeins fyrir samstillingu á 30 kvígur í þeim hópi. Kostnaður vegna fagnskoðunar á hópnum og samstillingar á 20 kvígum var greiddur af bændum í Hofstaðarseli.

Verkefnið hófst samkvæmt áætlun í mars 2020 með undirbúningi á hópnum í Hofstaðarseli. Kvígurnar voru vigtaðar og skipt í hópa og var hópaskiptingin tilbúin í apríl. Kvígum var skipt í 3 hópa eftir þyngd, þannig að þyngstu kvígurnar voru saman í hóp og léttustu kvígurnar voru saman í hóp. Samstilling og sæðing áttu að fara fram í maí en var seinkað þar sem kvígurnar voru ennþá of ungar en viðmiðið var að þær væru sæddar við 14 mánaða aldur. Þar sem sæðingu var seinkað gafst tækifæri til að skoða fóðrun kvígnana fram að sæðingu betur. Eitt heysýni var tekið til að kanna efnainnihald heysins. Kvígurnar fengu að éta hey að vild og tæp 2 kg af kjarnfóðri á grip á dag. Kvígurnar voru vigtaðar þrisvar sinnum fyrir sæðingu samkvæmt áætlun, seinasti vigtun var framkvæmd 8. júlí og heildarfjöldi kvígna var 50 eins og áætlað hafði verið. Samstilling byrjaði 13. júlí og kvígurnar voru sæddar 27. og 28. júlí. Atferli og skap kvígnana var metið á skala 1-5 við hverja meðhöndlun.

Samstillingu í Árbót seinkaði um mánuð miðað við áætlun þar sem of fáar kýr voru bornar í lok apríl, en viðmiðið er að það þarf að líða a.m.k. 6-8 vikur frá burði að samstillingu með lykkjuaðferð. Ákveðið var að sprauta kýrnar með egglosandi hormóni eftir að lykkjan var tekin úr samkvæmt leiðbeiningum frá dýralækni í Kanada sem hefur mikla reynslu af samstillingum á holdakúm. Fangskoðun fór fram 6 vikum eftir sæðingu í lok ágúst.

3. Niðurstöður verkefnisins/Afurðir

Niðurstöður úr samstillingum og sæðingum af kvígum í Hofstaðarseli voru að 36% (18 af 50 kvígum) voru fengnar við tvísæðingu á 3. og 4. degi eftir seinni sprautu sem er vanalegur sæðingatími. Það er aðeins lakari en í fyrra verkefni ef bornar eru saman niðurstöður eftir að búið var að leiðrétta fyrir því að eitt af nautunum sem var notað þá gaf ónothæft sæði. Við fyrsta uppbeidsli voru 21 kvígur sædda og við fangskoðun á þeim voru 3 fengnar. Kvígurnar voru orðnar mjög vanar að fara í gengnum tókubásnum og voru þær rólegar við samstillingu og sæðingu. Flest allar kvígur sýndu greinilegt beiðsli á 3. og 4. degi eftir seinni sprautu og voru margar þeirra sveitar eftir mikla hreyfingu. Samkvæmt frjótækni voru flestar þeirra tilbúnar fyrir sæðingu, vel opnar og það fór slím frá öllum. Það kom blóð frá tveimur kvígum sem er

merki um að beiðslið sé búið og 8 kvígur fengu athugasemd um að þær voru kannski sæddar of snemma. Önnur kvígan sem kom blóð frá var fengin við fangskoðun. Svo virðist að ekki sé samhengi milli stærðar kvígna og hvort þær festu fang, en þyngstu og léttustu kvígurnar voru skopðaðar fengnar. Atferli og skap kvígna var fljótt að þróast í 1-2 á einkunnaskalanum sem er róleg við meðhöndlum. Það er augljóst að það hefur jákvæð áhrif á skap kvígna að vera í umgengni manna og auðvelt er að venja þær við rag og tókubás.

Niðurstöður úr samstillingum og sæðingum af fullorðum kúm í Árbót var að fanghlutfall var aðeins 20% (3 af 15 kúm) eftir tvísæðingu á 3. og 4. degi eftir að lykkjan var tekin sem er vanalegur sæðingatími. Það var fyrsta skiptið sem dýralæknirinn notaði þessi aðferð en það gekk ágætlega að koma lykkjunum fyrir. Hjá tveimur kúm var lykkjan komin lengra inn og hjá tveimur kúm var hún næstum því komin út þegar hún var tekin eftir 7 daga. Kýrnar voru vel yxna og voru þær að riðla mikið á 2. degi eftir að lykkjan var tekin en annars voru lítið um beiðliseinkenni. Samkvæmt frjótæknum voru kýrnar tilbúnar í sæðingu á 3. og 4. degi. Við fangskoðun 6 vikum seinna voru aðeins 3 fengnar.

Hvað varðar fræðilegar samantektir er vísað í lokaskýrslu fyrri verkefna en þetta verkefnið var hugsað sem framhald af þeim verkefnum. Búið er að halda lokafund verkefnis með þátttakendum og kynna verkefnið innan RML, grein í Bændablað bíður birtingar. Vinnu við verkefnið telst því lokið og búið að greiða bændum útlagðan kostnað samkvæmt reikningum í samræmi við það sem verkefnaáætlun gerði ráð fyrir.

Ditte Clausen
Verkefnastjóri
Ráðgjafarmiðstöð landbúndarins
ditte@rml.is